

## REGLUGERÐ

### um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið, markmið og orðskýringar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um starfsstöðvar þar sem hættuleg efni er að finna, sbr. 3. gr.

Reglugerðin gildir ekki um eftirfarandi:

- a. starfsstöðvar, stöðvar eða geymsluaðstöðu á vegum hers,
- b. hættur af völdum jónandi geislunar frá efnum,
- c. flutning hættulegra efna á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum, á sjó eða í lofti og skammtímageymslu þeirra á leiðinni í beinum tengslum við flutninginn, utan starfsstöðva sem reglugerð þessi gildir um, þ.m.t. ferming og afferming og flutningur til annarra flutningstækja eða frá þeim í skipakvíum, við bryggjur eða á röðunarsvæðum járnbrautarstöðva,
- d. flutning hættulegra efna í leiðslum, að dælustöðvum meðtöldum, utan starfsstöðva sem reglugerð þessi gildir um,
- e. nýtingu, þ.e. leit, nám og vinnslu jarðefna í námum og grjótnámum, þ.m.t. með borunum,
- f. leit á hafi úti að jarðefnum og nýtingu þeirra, þ.m.t. vetniskolefni,
- g. geymslu gass neðanjarðar á hafi úti, þ.m.t. bæði á sérhæfðum geymsluaðstöðum og stöðum þar sem einnig fer fram leit og nýting jarðefna, þ.m.t. vetniskolefnis,
- h. urðun úrgangs, þ.m.t. geymslu úrgangs neðanjarðar.

Þrátt fyrir e- og h-liði 2. mgr. gildir reglugerð þessi um geymslu gass neðanjarðar á landi í náttúrulegum jarðlögum, veitum, salthólfum og yfirgefnum námum, efna- og varmavinnslu og geymslu í tengslum við slíka vinnslu þar sem notuð eru hættuleg efni svo og aðstöðu fyrir förgun úrgangs, meðal annars tjarnir eða stíflur fyrir úrgang sem innihalda hættuleg efni.

##### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að gerðar séu öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja stórslys af völdum hættulegra efna og draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfi.

##### 3. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í þessari reglugerð og viðaukum við hana er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

*Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingur eða lögaðilar og samtök þeirra, félag eða hópar, eftir því sem við á samkvæmt lögum eða venju.

*Áhætta:* Líkur á því að tiltekin áhrif komi fram á tilteknu tímabili eða við tiltekna aðstæður.

*Blanda:* Blanda eða lausn sem í eru tvö eða fleiri efni.

*Eftirlit:* Allar aðgerðir, þ.m.t. heimsóknir í stöð, athuganir á ráðstöfunum, kerfum og skýrslum stöðvarinnar ásamt skjölum varðandi eftirfylgni, og öll nauðsynleg eftirfylgni af hálfu eða á vegum Vinnueftirlits ríkisins til að fylgjast með og stuðla að því að farið sé að reglugerð þessari í starfsstöðinni.

*Geymsluaðstaða:* Það að ákveðið magn hættulegra efna er að finna í vöruhegrymslu, í öryggisvörslu eða sem birgðir.

*Hætta:* Sá eðlislægi eiginleiki hættulegs efnis eða ytri aðstæðna að geta valdið heilbrigði manna eða umhverfinu skaða.

*Hættulegt efni:* Efni eða blanda sem tilgreind er í 1. eða 2. hluta I. viðauka, þ.m.t. í formi hráefnis, vöru, aukaafurðar, efnaleifa eða milliefnis.

*Hættuleg efni eru fyrir hendi:* Hættuleg efni sem eru í raun fyrir hendi í starfsstöðinni eða vænta má að séu þar, eða hættuleg efni sem skynsamlegt er að gera ráð fyrir að kunni að verða til þegar

stjórnun ferla bregst, þ.m.t. við geymsluaðstöðu, í sérhverri stöð í starfsstöðinni, í magni sem jafngildir eða er meira en þröskuldsmagnið sem tilgreint er í 1. eða 2. hluta I. viðauka.

*Ný starfsstöð:*

- a. starfsstöð sem byrjað er að starfrækja eftir gildistöku reglugerðar þessarar, eða
- b. starfssvæði sem reglugerð þessi gildir um og breytingar hafa orðið á eftir gildistöku reglugerðar þessarar sem leiða til breytinga á birgðamagni á hættulegum efnum, eða
- c. starfsstöð í lægri mörkum sem verður starfsstöð í hærri mörkum, eða öfugt, eftir gildistöku reglugerðarinnar vegna breytinga sem gerðar eru á stöðvum hennar eða starfsemi sem leiða til breytinga á birgðamagni á hættulegum efnum.

*Nærleggjandi starfsstöð:* Starfsstöð sem staðsett er í slíkri nálægð við aðra starfsstöð að það eykur hættu á stórslysi eða afleiðingum stórslyss.

*Rekstraraðili:* Einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir starfsstöð eða stöð sem hefur lögum samkvæmt verið falið óskorað vald til að taka ákvarðanir og sjá um fjármál vegna tæknilegrar starfsemi starfsstöðvar eða stöðvar.

*Sá hluti almennings sem málið varðar:* Sá hluti almennings sem verður fyrir áhrifum, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum eða sem á hagsmuna að gæta við töku ákvörðunar um einhver þau málefni sem leita skal samráðs um samkvæmt reglugerð þessari en líta skal svo á að öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og starfa löglega, hafi hagsmuna að gæta.

*Starfandi starfsstöð:* Starfsstöð sem reglugerð nr. 160/2007, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, með síðari breytingum, gildi um og þessi reglugerð gildir nú um án þess að flokkun hennar sé breytt í starfsstöð í lægri mörkum eða starfsstöð í hærri mörkum.

*Starfsstöð:* Allt svæðið sem lýtur stjórn rekstraraðila þar sem hættuleg efni er að finna í einni stöð eða fleiri, þar á meðal í sameiginlegum eða tengdum grunnvirkjum eða starfsemi; starfsstöðvar eru annaðhvort starfsstöðvar í lægri mörkum eða starfsstöðvar í hærri mörkum.

*Starfsstöð í lægri mörkum:* Starfsstöð þar sem er að finna hættuleg efni í magni sem er jafnt eða meira en magnið sem tilgreint er í 2. dálki 1. hluta eða 2. dálki 2. hluta I. viðauka en minna en magnið sem fram kemur í 3. dálki 1. hluta eða 3. dálki 2. hluta I. viðauka, þar sem við á, með því að beita samlagningarreglunni sem kveðið er á um í 4. athugasemd við I. viðauka.

*Starfsstöð í hærri mörkum:* Starfsstöð þar sem er að finna hættuleg efni í magni sem er jafnt eða meira en magnið sem tilgreint er í 3. dálki 1. hluta eða í 3. dálki 2. hluta I. viðauka, þar sem við á, með því að beita samlagningarreglunni sem kveðið er á um í 4. athugasemd við I. viðauka.

*Stórslys:* Atvik á borð við stórfellt útstreymi, eldsvoða eða sprengingu sem stafar af stjórnlausri atburðarás við rekstur starfsstöðvar sem þessi reglugerð gildir um þar sem eitt eða fleiri hættuleg efni koma við sögu og stofna samstundis eða síðar heilbrigði manna eða umhverfi í mikla hættu í starfsstöðinni eða utan hennar.

*Stöð:* Tæknieining í starfsstöð, hvort sem er á jörðu eða undir yfirborði jarðar, þar sem hættuleg efni eru framleidd, notuð, meðhöndluð eða geymd; þ.m.t. öll tæki, mannvirki, leiðslur, vélar, verkfæri, einkajárnbrautir, skipakvíar, löndunarbyggjur vegna stöðvarinnar, hafnarbakkar, vörugeymslur eða hliðstæð mannvirki, fljótandi eða ekki, sem eru nauðsynleg rekstri stöðvarinnar.

*Önnur starfsstöð:* Starfssvæði sem fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar eða starfsstöð í lægri mörkum sem verður starfsstöð í hærri mörkum, eða öfugt, eftir gildistöku reglugerðar þessarar eða síðar af öðrum ástæðum en þeim sem vísað er til í 6. mgr.

#### 4. gr.

##### *Almennar skyldur rekstraraðila.*

Rekstraraðili skal gera allar nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir stórslys. Enn fremur skal rekstraraðili gera ráðstafanir til að unnt sé að bregðast við stórslysum svo tafarlaust megi draga sem mest úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfi.

Rekstraraðila er skylt að sanna fyrir Vinnueftirliti ríkisins hvenær sem þess er óskað að hann hafi gripið til nauðsynlegra ráðstafana samkvæmt reglugerð þessari, einkum í kjölfar eftirlits með starfsemi.

## II. KAFLI

**Tilkynningarskylda rekstraraðila.**

## 5. gr.

*Tilkynning til Vinnueftirlits ríkisins.*

Rekstraraðili skal senda Vinnueftirliti ríkisins tilkynningu um hvort unnið sé með efni eða blöndu sem tilgreind er í 1. eða 2. hluta I. viðauka eða geymd í því magni sem tilgreint er í 2. og/eða 3. dálki 1. eða 2. hluta I. viðauka. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í tilkynningunni:

- a. nafn og/eða viðskiptaheiti rekstraraðila og heimilisfang viðkomandi starfsstöðvar,
- b. skráð starfsstöð rekstraraðila ásamt heimilisfangi,
- c. nafn og starfsheiti þess sem ber ábyrgð á starfsstöðinni ef hann er annar en sá sem getið er í a-lið,
- d. upplýsingar sem nægja til að bera kennsl á hættulegu efnin og efnaflokkana sem um er að ræða eða sem líkur eru á að finnast á staðnum, þ.m.t. efni sem eru geymd eða notuð í tengslum við viðkomandi starfsemi, framleiðsluafurðir, aukaafurðir eða afganga,
- e. magn viðkomandi hættulegs efnis eða efna og eðlisástand þeirra,
- f. starfsemi eða fyrirhugaða starfsemi stöðvarinnar eða geymsluaðstöðunnar,
- g. næsta umhverfi starfsstöðvarinnar og þættir sem líklegir eru til að valda stórslysi eða auka afleiðingar þess, þ.m.t. upplýsingar sem eru til um nærliggjandi starfsstöðvar eða stöðvar sem reglugerð þessi gildir ekki um, svæði og framkvæmdir sem gætu valdið hættu á stórslysi, aukið hættuna eða aukið afleiðingar stórslyss ásamt keðjuverkun.

## 6. gr.

*Tímamörk skila á tilkynningu.*

Rekstraraðili skal senda Vinnueftirliti ríkisins tilkynningu skv. 5. gr. eða endurskoðað eintak hennar innan eftirfarandi tímamarka:

- a. hæfilega löngu áður en bygging eða rekstur hefst þegar um nýja starfsstöð er að ræða eða fyrir breytingar sem leiða til breytinga á birgðamagni hættulegs efnis,
- b. eins fljótt og unnt er vegna starfandi starfsstöðvar sem ekki hefur áður fallið undir samsvarandi reglur og eigi síðar en einu ári frá þeim degi sem reglugerð þessi tók gildi um viðkomandi starfsstöð.

## 7. gr.

*Breytingar sem skal tilkynna.*

Rekstraraðili skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins áður en eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- a. um aukningu á magni hættulegs efnis eða verulegrar minnkunar þess, eða verulega breytingu á eðli eða eðlisástandi þess frá því sem fram kemur í tilkynningunni sem rekstraraðili hefur sent skv. 5. gr. eða verulega breytingu á ferlunum þar sem það er notað,
- b. um breytingar á starfsstöð eða stöð sem gæti haft verulegar afleiðingar með tilliti til stórslyshættu,
- c. um varanlega lokun starfsstöðvarinnar eða niðurlagningu hennar eða
- d. um breytingar gerðar á atriðum sem um getur í a-, b- eða c-liðum 5. gr.

## III. KAFLI

**Áætlun um stórslysavarnir, öryggisstjórnunarkerfi, keðjuverkandi áhrif o.fl.**

## 8. gr.

*Áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi.*

Rekstraraðili starfsstöðvar í lægri mörkum eða hærri mörkum skal gera áætlun um stórslysavarnir og veita upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi skv. III. viðauka. Hann skal jafnframt sjá til þess að hún sé framkvæmd með viðeigandi aðferðum samkvæmt reglugerð þessari, þar á meðal hvað varðar öryggisstjórnunarkerfi skv. III. viðauka.

Áætlun um stórslysavarnir skal vera skrifleg og kröfurnar sem gerðar eru í henni vera í samræmi við umfang stórslyshættunnar sem starfsstöðinni fylgir. Áætlunin skal vera til þess fallin að tryggja mikla vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfi. Í henni skulu koma fram almenn markmið

og meginreglur rekstraraðila í sambandi við aðgerðir til varnar gegn stórslysahættum, um hlutverk og ábyrgð stjórnenda og skuldbindingar um stöðugar endurbætur á vörnum gegn stórslysahættu ásamt því hvernig tryggja megi mikla vernd.

## 9. gr.

*Tímamörk skila á áætlun um stórslysavarnir.*

Rekstraraðili skal senda Vinnueftirliti ríkisins áætlun um stórslysavarnir og upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi skv. 1. mgr. 8. gr. innan eftirfarandi tímamarka:

- a. hæfilega löngu áður en bygging eða rekstur hefst þegar um nýja starfsstöð er að ræða eða fyrir breytingar sem leiða til breytinga á birgðamagni hættulegs efnis,
- b. eins fljótt og unnt er vegna starfandi starfsstöðvar sem ekki hefur áður fallið undir samsvarendi reglur og eigi síðar en einu ári frá þeim degi sem reglugerð þessi tók gildi um viðkomandi starfsstöð.

## 10. gr.

*Keðjuverkandi áhrif.*

Við gerð áætlunar um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi skv. 8. og 9. gr. eða öryggisskýrslu skv. IV. kafla skal tekið mið af nærliggjandi starfsemi, þ.e. hvort hún geti aukið líkur á stórslysi eða valdið keðjuverkandi áhrifum vegna staðsetningar eða nálægðar við geymsluaðstöður með hættuleg efni eða starfsemi þar sem slík efni eru til staðar.

Vinnueftirlit ríkisins skal nýta upplýsingar sem rekstraraðilar veita stofnuninni skv. II. og IV. kafla eða stofnunin aflar í eftirlitsferðum til að kortleggja allar starfsstöðvar í lægri mörkum og starfsstöðvar í hærri mörkum eða hópa starfsstöðva þar sem hætta á stórslysum eða afleiðingum slíkra slysa er aukin vegna staðsetningar þeirra og nálægðar og birgðamagns þeirra hættulegu efna sem þar eru.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins aðrar upplýsingar til viðbótar þeim sem rekstraraðili sendi stofnuninni á grundvelli g-liðar 5. gr. skal stofnunin upplýsa viðkomandi rekstraraðila um þær sé það talið nauðsynlegt þannig að rekstraraðili geti sinnt skyldum sínum samkvæmt ákvæði þessu.

Rekstraraðilar nærliggjandi starfsstöðva sem Vinnueftirlit ríkisins hefur kortlagt skv. 2. mgr. skulu:

- a. skiptast á nauðsynlegum upplýsingum þannig að þeir geti tekið tillit til eðlis og umfangs heildaráættunnar af stórslysi í áætlunum sínum um stórslysavarnir, öryggisstjórnunarkerfum, öryggisskýrslum og innri neyðaráætlunum eftir því sem við á,
- b. hafa samvinnu sín á milli við að upplýsa almenning og aðra á nærliggjandi svæði og við að upplýsa almannavarnanefnd þess sveitarfélags sem starfsstöð er í og Vinnueftirlit ríkisins svo unnt sé að gera viðbragðsáætlun utan starfsstöðvar, sbr. 18. gr.

## 11. gr.

*Endurskoðun á áætlun um stórslysavarnir.*

Rekstraraðili skal reglulega endurskoða áætlun um stórslysavarnir skv. 8. gr. og ef nauðsyn krefur uppfæra áætlunina á a.m.k. fimm ára fresti nema ákvæði 22. gr. um breytingar á stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu eigi við. Rekstraraðili skal senda Vinnueftirliti ríkisins endurskoðaða eða uppfærða áætlun um stórslysavarnir og upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi án ástæðulauss dráttar.

## IV. KAFLI

**Öryggisskýrsla.**

## 12. gr.

*Öryggisskýrsla.*

Rekstraraðili starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., skal gera öryggisskýrslu með það að markmiði að:

- a. sýna fram á að áætlun um stórslysavarnir og öryggisstjórnunarkerfi til að innleiða hana hafi verið framfylgt í samræmi við upplýsingarnar í III. viðauka,

- b. sýna fram á að hættan á stórslysnum hafi verið greind ásamt sviðsmyndum mögulegra stórslysa og að nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að fyrirbyggja slík slys og draga úr afleiðingum þeirra fyrir heilbrigði manna og umhverfi,
- c. sýna fram á að tekið sé fullnægjandi tillit til öryggis og áreiðanleika við hönnun, byggingu, rekstur og viðhald hvers kyns stöðva, geymsluaðstöðu, tækja og grunnvirkja sem tengjast starfsemi sem getur falið í sér hættu á stórslysnum í starfsstöðinni,
- d. sýna fram á að neyðaráætlun fyrir starfsstöð hafi verið gerð og að upplýsingar hafi verið veittar sem gera kleift að gera viðbragðsáætlun utan starfsstöðvar,
- e. láta Vinnueftirliti ríkisins í té nægilegar upplýsingar til að það geti tekið ákvarðanir um staðsetningu nýrrar starfsemi eða framkvæmda í grennd við starfandi starfsstöð.

Í öryggisskýrslu skulu vera a.m.k. öll þau gögn og allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð þessa auk upplýsinga um þá aðila sem komu að gerð skýrslunnar.

### 13. gr.

#### *Sameining öryggisskýrslna.*

Heimilt er að sameina öryggisskýrslur, kafla úr öryggisskýrslum eða aðrar jafngildar skýrslur, sem unnar eru á grundvelli annarrar löggjafar, í eina öryggisskýrslu skv. 12. gr. til að komast hjá óþarfa tvítekingu upplýsinga og tvíverknadi hjá rekstraraðila eða Vinnueftirliti ríkisins, enda sé öllum kröfum þessarar reglugerðar fullnægt að mati Vinnueftirlitsins.

### 14. gr.

#### *Tímamörk skila á öryggisskýrslu.*

Rekstraraðili skal senda Vinnueftirliti ríkisins öryggisskýrslu innan eftirfarandi tímamarka:

- a. hæfilega löngu áður en bygging eða rekstur hefst þegar um nýja starfsstöð er að ræða eða fyrir breytingar sem leiða til breytinga á birgðamagni á hættulegu efni,
- b. eins fljótt og unnt er vegna starfandi starfsstöðvar sem ekki hefur áður fallið undir samsvarendi reglur og eigi síðar en einu ári frá þeim degi sem reglugerð þessi tók gildi um viðkomandi starfsstöð.

### 15. gr.

#### *Viðbrögð Vinnueftirlits ríkisins.*

Áður en rekstraraðili hefur byggingu eða rekstur eða í tilvikum, sem um getur í b-lið 14. gr. og 1. mgr. 16. gr., skal Vinnueftirlit ríkisins innan hæfilegs tíma frá móttöku skýrslunnar:

- a. tilkynna rekstraraðila niðurstöður athugunar sinnar á öryggisskýrslunni, eftir að farið hefur verið fram á frekari upplýsingar ef þurfa þykir, eða
- b. banna að rekstur hefjist á starfsstöð eða að honum sé haldið áfram í samræmi við 33. gr.

### 16. gr.

#### *Endurskoðun öryggisskýrslu.*

Rekstraraðili skal endurskoða öryggisskýrslu skv. 12. gr. reglulega og ef nauðsyn krefur uppfæra skýrsluna ekki sjaldnar en á fimm ára fresti nema ákvæði 22. gr. um breytingar á stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu eigi við.

Rekstraraðilinn skal einnig endurskoða öryggisskýrsluna og uppfæra hana ef nauðsyn krefur eftir stórslys í starfsstöðinni eða að beiðni Vinnueftirlits ríkisins þegar réttlæt看legt er á grundvelli nýrra staðreynda eða nýrrar tækniþekkingar varðandi öryggismál, þ.m.t. þekkingar sem leiðir af greiningu slysa eða, eins og framast er unnt, vegna tilvika þar sem legið hefur við stórslysi og vegna þróunar á þekkingu varðandi áhættumat. Rekstraraðila er ávallt heimilt að endurskoða öryggisskýrslu og uppfæra hana af eigin frumkvæði.

Rekstraraðili skal senda Vinnueftirliti ríkisins endurskoðaða eða uppfærða öryggisskýrslu skv. 1. eða 2. mgr. án ástæðulauss dráttar.

## V. KAFLI

**Neyðaráætlanir innan starfsstöðvar og viðbragðsáætlanir utan starfsstöðva.**

## 17. gr.

*Neyðaráætlun innan starfsstöðvar.*

Rekstraraðili starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., skal gera neyðaráætlun um ráðstafanir sem grípa skal til innan starfsstöðvar með það að markmiði að:

- a. halda óhöppum í skefjum og hafa stjórn á þeim til þess að lágmarka áhrif þeirra og draga úr þeim skaða sem þau valda heilbrigði manna, umhverfi og eignum,
- b. innleiða nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfi fyrir áhrifum stórslysa,
- c. koma nauðsynlegum upplýsingum til almennings og þeirra þjónustuaðila eða stjórnvalda sem málið varðar á svæðinu,
- d. umhverfið sé endurbætt og hreinsað í kjölfar stórslyss.

Í neyðaráætlun innan starfsstöðvar skulu vera allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. tölul. IV. viðauka við reglugerð þessa.

## 18. gr.

*Viðbragðsáætlun utan starfsstöðvar.*

Almannavarnanefnd þess sveitarfélags sem starfsstöð er í skal láta gera viðbragðsáætlun utan starfsstöðva í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., í samráði við samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði, sbr. 2. og 3. mgr. 51. gr. a laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna, almennings og umhverfis þegar stórslys af völdum hættulegra efna ber að höndum. Við gerð viðbragðsáætlana utan starfsstöðva skal farið eftir leiðbeiningum í reglugerð nr. 323/2010, um efni og gerð viðbragðsáætlana.

Í viðbragðsáætlun utan starfsstöðvar skv. 1. mgr. skulu vera allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. tölul. IV. viðauka við reglugerð þessa. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig unnt er að efla samvinnu um björgunaraðargæðir á sviði almannavarna ef til meiri háttar neyðarástands kemur.

Rekstraraðili starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., skal veita viðkomandi almannavarnanefnd og Vinnueftirliti ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar þannig að unnt sé að gera viðbragðsáætlun utan starfsstöðvar skv. 1. mgr. eftir því sem við á.

Gera skal viðbragðsáætlun utan starfsstöðva innan tveggja ára frá því að upplýsingar skv. 3. mgr. hafa borist viðkomandi almannavarnanefnd og Vinnueftirlit ríkisins.

## 19. gr.

*Samráð við gerð neyðar- og viðbragðsáætlana.*

Neyðaráætlun innan starfsstöðvar skv. 17. gr. skal samin og uppfærð í samráði við starfsmenn starfsstöðvarinnar, þ.m.t. viðeigandi undirverktaka sem gerðir eru langtímasamningar við.

Við gerð eða breytingar á viðbragðsáætlun um ráðstafanir sem grípa skal til utan starfsstöðva, sbr. 18. gr., skal haft samráð við þann hluta almennings sem málið varðar snemma í vinnsluferlinu og þeim gefið færi á að gefa álit sitt.

## 20. gr.

*Skilafrestir á neyðaráætlun og upplýsingum til Vinnueftirlits ríkisins.*

Rekstraraðili skal gera neyðaráætlun um ráðstafanir innan starfsstöðvar og veita Vinnueftirliti ríkisins nauðsynlegar upplýsingar skv. 3. mgr. 18. gr. í samræmi við svofelld tímamörk:

- a. hæfilega löngu áður en bygging eða rekstur hefst þegar um nýja starfsstöð er að ræða eða fyrir breytingar sem leiða til breytinga á birgðamagni á hættulegu efni,
- b. eins fljótt og unnt er vegna starfandi starfsstöðvar sem ekki hefur áður fallið undir samsvarendi reglur og eigi síðar en einu ári frá þeim degi sem reglugerð þessi tók gildi um viðkomandi starfsstöð.

## 21. gr.

*Prófun og endurskoðun neyðar- og viðbragðsáætlana.*

Rekstraraðili skal reglulega endurskoða og prófa neyðaráætlun innan starfsstöðvar skv. 17. gr. í því skyni að hún sé í sem bestu samræmi við aðstæður á starfsstöðinni og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Almannavarnanefnd þess sveitarfélags sem starfsstöð er í skal sjá til þess að viðbragðsáætlun utan starfsstöðvar skv. 18. gr. sé reglulega endurskoðuð og prófuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Við endurskoðun skv. 1. eða 2. mgr. skal taka tillit til þeirra breytinga sem hafa verið gerðar á starfsstöðvum eða opinberri neyðarþjónustu sem og nýrrar tækniþekkingar og þekkingar á viðbrögðum við stórslysum.

## 22. gr.

*Breytingar á stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu.*

Ef fyrirhugað er að breyta stöð, starfsstöð, geymsluaðstöðu, eða gera breytingar á vinnslu, eðlisástandi eða magni hættulegra efna, sem gæti haft verulegar afleiðingar hvað varðar stórslysahættu eða gæti gert það að verkum að starfsstöð í lægri mörkum verði starfsstöð í hærri mörkum eða öfugt, skal rekstraraðili endurskoða og uppfæra, ef nauðsyn krefur, tilkynninguna skv. 5. gr., áætlunina um stórslysavarnir skv. 8. gr., öryggisstjórnunarkerfið skv. III. viðauka, sbr. einnig 8. gr., og öryggisskýrsluna skv. 12. gr. Enn fremur skal rekstraraðili upplýsa Vinnueftirlit ríkisins nákvæmlega um þessar uppfærslur áður en breytingarnar eru gerðar.

## VI. KAFLI

**Upplýsingar fyrir almenning.**

## 23. gr.

*Aðgangur almennings að upplýsingum.*

Rekstraraðili skal hafa þær upplýsingar sem tilgreindar eru í V. viðauka við reglugerð þessa aðgengilegar almenningi, þar á meðal rafrænt.

## 24. gr.

*Upplýsingaskylda starfsstöðva í hærri mörkum.*

Rekstraraðili starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., skal reglulega veita þeim hluta almennings sem málið varðar aðgengilegar og skýrar upplýsingar um öryggisráðstafanir og hvornig eigi að bera sig að verði stórslys af völdum hættulegra efna. Þar skulu koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í V. viðauka við reglugerð þessa.

Rekstraraðili starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., skal afhenda almenningi, sé þess krafist, öryggisskýrslu skv. 12. gr. og skrá yfir hættuleg efni með þeim undantekningum sem fram koma í lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Í þeim tilvikum sem ekki er unnt að afhenda öryggisskýrslu í heild skal afhenda samantekt sem ekki er á tæknimáli, þar sem fram koma a.m.k. almennar upplýsingar um stórslysahættu og möguleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfi komi til stórslyss.

Rekstraraðili starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti koma upplýsingum skv. 1. mgr. til allra bygginga og svæða sem aðgengileg eru almenningi, þ.m.t. skóla og sjúkrahúsa, sem og allra nálæggra starfsstöðva ef um er að ræða starfsstöðvar sem falla undir 10. gr. Jafnframt skal þetta ávallt gert samhliða endurskoðun öryggisskýrslu skv. 16. gr.

## 25. gr.

*Endurskoðun upplýsinga fyrir almenning.*

Rekstraraðili skal reglulega uppfæra upplýsingarnar skv. 23. og 24. gr. og þá sérstaklega þegar gerðar eru breytingar á stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu, sbr. 22. gr.

26. gr.

*Upplýsingaskylda Vinnueftirlits ríkisins gagnvart almenningi.*

Vinnueftirlit ríkisins skal afhenda almenningi, sé þess krafist, innsendar öryggisskýrslur skv. 12. gr. og skrá yfir hættuleg efni með þeim undantekningum sem fram koma í lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, og 1. mgr. 13. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012.

## VII. KAFLI

**Viðbrögð við stórslysum.**

27. gr.

*Framkvæmd neyðar- og viðbragðsáætlana.*

Rekstraraðili skal virkja neyðaráætlun eða viðbragðsáætlun á grundvelli V. kafla án tafar þegar stórslys verður eða þegar stjórnlaus atburðarás á sér stað sem ætla má að geti valdið stórslysi.

28. gr.

*Tilkynning um stórslys.*

Ef stórslys á sér stað í starfsstöð er rekstraraðila skylt að tilkynna það tafarlaust slökkviliði og lögreglu. Lögregla skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins, Umhverfisstofnun og yfirstjórn almannavarna á viðkomandi stað um slysið. Afhenda skal upplýsingar um aðstæður við slysið, hættuleg efni sem um er að ræða, gögn sem tiltæk eru til að meta áhrif slyssins á menn og umhverfi og neyðarráðstafanir sem gripið er til um leið og þær liggja fyrir.

29. gr.

*Upplýsingar sem rekstraraðila ber að veita í kjölfar stórslyss.*

Rekstraraðila ber að láta Vinnueftirliti ríkisins og lögreglu í té eftirfarandi upplýsingar um leið og þær liggja fyrir:

- a. aðstæður er slysið átti sér stað,
- b. hættuleg efni sem um er að ræða,
- c. gögn sem tiltæk eru til að meta áhrif slyssins á heilbrigði manna, umhverfi og eignir,
- d. neyðarráðstafanir sem gripið var til.

Rekstraraðili skal upplýsa Vinnueftirlit ríkisins um fyrirhugaðar ráðstafanir til að draga úr áhrifum slyssins til meðallangs og langs tíma og til að koma í veg fyrir að slíkt slys endurtaki sig.

Rekstraraðili skal uppfæra upplýsingarnar skv. 2. og 3. mgr. ef frekari rannsóknir leiða í ljós nýjar staðreyndir sem breyta fyrri upplýsingum eða þeim ályktunum sem dregnar voru af þeim.

30. gr.

*Stjórnvaldsráðstafanir í framhaldi af stórslysi.*

Samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði skal:

- a. tryggja að gerðar séu allar þær bráðarráðstafanir, ráðstafanir til meðallangs og/eða langs tíma sem kunna að reynast nauðsynlegar,
- b. safna með eftirliti, rannsókn eða öðrum viðeigandi hætti þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að ljúka megi greiningu á slysinu, hvort sem er á sviði tækni, skipulags eða stjórnunar,
- c. setja fram tilmæli um forvarnarráðstafanir í framtíðinni,
- d. upplýsa þann hluta almennings er málið varðar um slysið og, ef við á, um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að draga úr afleiðingum þess.

Vinnueftirlit ríkisins skal tryggja að rekstraraðili gripi til allra nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta.

Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna velferðarráðuneytinu og Eftirlitsstofnun EFTA um stórslys sem falla að viðmiðunum í VI. viðauka og afhenda eftirtaldir upplýsingar:

- a. hvenær slysið varð (dagur, tími) og hvar, nafn rekstraraðila og heimilisfang starfsstöðvarinnar sem á í hlut,
- b. stutta lýsingu á aðstæðum á slysstað, þar á meðal á þeim hættulegu efnem sem um er að ræða og fyrstu áhrifum slyssins á heilbrigði manna og umhverfi,



- c. stutta lýsingu á neyðarráðstöfunum sem gerðar voru og á þeim varúðaraðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til án tafar til þess að koma í veg fyrir sams konar slys,
- d. niðurstöður greiningar þeirra og ráðleggingar,
- e. almennar upplýsingar um þau stjórnvöld sem hafa upplýsingar sem máli skipta um stórslys og gætu verið til ráðgjafar, meðal annars ef hliðstætt slys ber að höndum í öðrum löndum.

Tilkynning og afhending upplýsinga skv. 3. mgr. skal fara fram eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi innan árs frá dagsetningu slyssins og nota til þess þar til gerðan gagnagrunn. Þegar aðeins er unnt að veita bráðabirgðaupplýsingar í gagnagrunninn skv. d-lið 3. mgr. innan þessara tímamarka skal uppfæra upplýsingarnar þegar niðurstöður frekari greininga og ráðlegginga liggja fyrir. Þá er heimilt að fresta upplýsingagjöf sem um getur í d-lið 3. mgr. til að unnt sé að ljúka dómsmálum þegar slík upplýsingagjöf kann að hafa áhrif á málsmeðferðina.

## VIII. KAFLI

### Eftirlit og eftirlitsáætlun.

#### 31. gr.

##### *Eftirlit.*

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar, sbr. 82. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Vinnueftirlit ríkisins skipuleggur kerfisbundið eftirlit með starfsstöðvum sem reglugerð þessi gildir um.

Eftirlitið skal hæfa viðeigandi tegund starfsstöðvar og eiga sér stað án tillits til þess hvort Vinnueftirlitinu hafa borist öryggisskýrslur eða aðrar skýrslur frá viðkomandi starfsstöð. Það skal nægja til skipulegrar og kerfisbundinnar athugunar á kerfum sem notuð eru í starfsstöðinni, hvort sem um er að ræða tæknibúnað, skipulag eða stjórnun, til þess að unnt sé að tryggja sérstaklega að:

- a. rekstraraðili geti sýnt fram á að hann hafi gripið til viðeigandi ráðstafana til að fyrirbyggja stórslys vegna mismunandi starfsemi innan starfsstöðvarinnar,
- b. rekstraraðili geti sýnt fram á að hann hafi gripið til viðeigandi úrræða til að draga úr afleiðingum stórslysa, jafnt á staðnum sem utan hans,
- c. gögn og upplýsingar sem er að finna í öryggisskýrslu skv. 12. gr. eða öðrum innsendum skýrslum innihaldi fullnægjandi lýsingu á aðstæðum í starfsstöðinni,
- d. áætlun um stórslysavarnir og neyðaráætlun innan starfsstöðvar séu fullnægjandi,
- e. upplýsingar hafi verið birtar almenningi í samræmi við ákvæði VI. kafla.

#### 32. gr.

##### *Eftirlitsáætlun.*

Vinnueftirlit ríkisins skal gera eftirlitsáætlanir sem taka til allra starfsstöðva sem reglugerð þessi gildir um. Eftirlitsáætlanir geta verið landsbundnar, svæðisbundnar eða staðbundnar og þær ber að endurskoða reglulega og uppfæra eftir því sem við á.

Hver eftirlitsáætlun skal ná yfir eftirfarandi:

- a. almennt mat á viðkomandi öryggismálum,
- b. landfræðilegt svæði sem eftirlitsáætlunin nær til,
- c. skrá yfir starfsstöðvar sem áætlunin nær til,
- d. skrá yfir hópa starfsstöðva þar sem keðjuverkun gæti átt sé stað skv. 10. gr.,
- e. skrá yfir starfsstöðvar þar sem einstakir ytri áhættuþættir eða upptök hættu kunna að auka hættu á stórslysi eða auka afleiðingar þess,
- f. aðferðir við kerfisbundið eftirlit, þ.m.t. áætlanir fyrir slíkt eftirlit skv. 3. mgr.,
- g. aðferðir við ókerfisbundið eftirlit skv. 5. mgr.,
- h. ákvæði um samstarf milli mismunandi eftirlitsyfirvalda ef við á.

Vinnueftirlit ríkisins skal, á grundvelli eftirlitsáætlana fyrir mismunandi gerðir starfsstöðva, gera reglulega áætlanir um kerfisbundið eftirlit í öllum starfsstöðvum, þ.m.t. tíðni heimsókna í stöðvarnar. Tímabilið milli tveggja heimsókna í röð í hverja stöð skal ekki vera lengra en eitt ár fyrir starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr., og þrjú ár fyrir starfsstöðvar í lægri mörkum, sbr. 3. mgr.

3. gr., nema að Vinnueftirlit ríkisins hafi gert eftirlitsáætlun sem byggist á kerfisbundnu mati skv. 4. mgr. á stórslysahættum í viðkomandi starfsstöðvum.

Kerfisbundið mat á hættum fyrir viðkomandi starfsstöðvar skal miðast við a.m.k. eftirfarandi viðmið:

- a. möguleg áhrif viðkomandi starfsstöðva á heilbrigði manna og umhverfi,
- b. skrár sem staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar þessarar.

Eftirlitsheimsóknir sem ekki eru hluti af eftirlitsáætlun skulu fara fram eins fljótt og unnt er til að kanna alvarlegar kvartanir, alvarleg slys og tilvik þar sem legið hefur við stórslysi og tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í reglugerð þessari.

Innan fjögurra mánaða eftir hverja eftirlitsheimsókn skal Vinnueftirlit ríkisins tilkynna rekstrar- aðila um niðurstöður eftirlitsins og allar nauðsynlegar aðgerðir sem gripa skuli til. Stofnunin skal sjá til þess að rekstraraðilinn gripi til allra þeirra nauðsynlegra aðgerða innan hæfilegs tíma eftir móttöku tilkynningarinnar. Leiði eftirlit í ljós alvarlegt tilvik þess að ekki sé farið að ákvæðum reglugerðar þessarar mun viðbótareftirlitsheimsókn fara fram innan sex mánaða.

Rekstraraðili skal veita Vinnueftirliti ríkisins alla nauðsynlega aðstoð til að eftirlit geti farið fram og safna upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að Vinnueftirlitið geti uppfyllt skyldur sínar að því er varðar reglugerð þessa. Einkum svo að stofnunin geti metið að fullu möguleika á stórslysi og ákvarðað umfang mögulegra aukinna líkinda eða aukins alvarleika stórslyss og tekið til greina efnin sem kunna að þarfnast aukinnar athygli vegna eðlisástands þeirra og að teknu tilliti til aðstæðna eða staðsetningar.

Vinnueftirlit ríkisins skal koma nauðsynlegum upplýsingum sem stofnunin fær skv. 7. mgr. til viðkomandi almannavarnanefndar til að nýta við gerð viðbragðsáætlunar utan starfsstöðvar skv. 18. gr.

### 33. gr.

#### *Rekstrarstöðvun.*

Óheimilt er að halda áfram starfsemi eða hefja rekstur í hverri þeirri starfsstöð, stöð eða geymsluaðstöðu eða hluta þeirra þar sem mikið skortir á að ráðstafanir rekstraraðila til að fyrirbyggja stórslys vegna hættulegra efna og draga úr afleiðingum þeirra séu fullnægjandi. Vinnueftirlit ríkisins skal í þessu skyni meðal annars taka tillit til alvarlegra tilvika, þar sem ekki er gripið til nauðsynlegra aðgerða sem tilgreind eru í eftirlitsskýrslu.

Vinnueftirlit ríkisins getur stöðvað rekstur eða bannað að rekstur hefjist í starfsstöð, stöð eða geymsluaðstöðu, eða hluta þeirra ef rekstraraðili hefur ekki skilað innan tilskilins tíma tilkynningu, skýrslum eða öðrum upplýsingum sem skylt er að standa skil á samkvæmt reglugerð þessari.

## IX. KAFLI

### **Ýmis ákvæði.**

### 34. gr.

#### *Gerð og framkvæmd landsskipulagsstefnu og/eða skipulagsáætlana.*

Við gerð og framkvæmd landsskipulagsstefnu og skipulagsáætlunar samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010, skalt taka mið af stórslysahættu af völdum hættulegra efna, í samræmi við reglugerð þessa. Þetta á einkum við þegar velja á stað fyrir nýja starfsstöð, breyta á stöð, starfsstöð eða geymsluaðstöðu skv. 22. gr. og þegar velja á flutningaleiðir.

Við skipulag landsvæða þarf að taka mið af stórslysahættu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða þar sem því verður ekki komið við draga úr hættu fyrir menn og umhverfi auk þess sem fullnægjandi vegalengd skal vera á milli starfsstöðva sem falla undir reglugerð þessa og staða sem eru einstakir frá náttúrunnar hendi. Um gerð landsskipulagsstefnu og/eða skipulagsáætlunar fer samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010.

### 35. gr.

#### *Upplýsingaskipti.*

Vinnueftirlit ríkisins skal eigi síðar en 30. september 2019, og á fjögurra ára fresti eftir það afhenda Eftirlitsstofnun EFTA, sbr. VI. viðauka, skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar og afhenda eftirfarandi upplýsingar um starfsstöðvar sem falla undir gildissvið hennar:

- a. nafn eða viðskiptaheiti rekstraraðila og fullt heimilisfang starfsstöðvar sem á í hlut,
- b. starfsemi starfsstöðvarinnar.

Vinnueftirlit ríkisins skal senda afrit af skýrslunum til velferðarráðuneytisins.

36. gr.

*Kæruheimild.*

Um kæruheimild á grundvelli þessarar reglugerðar fer skv. 98. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

37. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar geta varðað viðurlögum skv. 99. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

**X. KAFLI**

**Gildistaka.**

38. gr.

Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 43. gr., 3. mgr. 51. gr., 5. mgr. 51. gr. a, 4. mgr. 65. gr., 3. mgr. 65. gr. a og 4. mgr. 66. gr. a laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og að höfðu samráði við samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, til innleiðingar á tilskipun 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB sem vísað er til í XX. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 193/2015.

39. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 160/2007, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 33/2009.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Rekstraraðilar sem hafa sent Vinnueftirliti ríkisins tilkynningu á grundvelli 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 160/2007, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, með síðari breytingu, þurfa ekki að senda inn nýjar tilkynningar ef upplýsingar í tilkynningunum eru í samræmi við 5. gr. og eru óbreyttar.

Rekstraraðilar sem sendu Vinnueftirliti ríkisins áætlun um stórslysavarnir á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 160/2007, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, með síðari breytingu, þurfa ekki að senda inn nýja áætlun ef upplýsingarnar í áætluninni eru í samræmi við 8. gr. þessarar reglugerðar og eru óbreyttar.

Rekstraraðilar sem hafa sent Vinnueftirliti ríkisins öryggisskýrslu á grundvelli 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 160/2007, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, með síðari breytingu, þurfa ekki að gera slíkt aftur, ef upplýsingarnar í öryggisskýrslunni eru í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar og eru óbreyttar. Breytingar á öryggisskýrslu til að uppfylla skilyrði 12. gr. skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar.

*Velferðarráðuneytinu, 15. nóvember 2017.*

**Þorsteinn Víglundsson**  
félags- og jafnréttismálaráðherra.

---

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

**I. VIÐAUKI**  
**Hættuleg efni.**

Hættuleg efni sem falla undir hættuundirflokkana í 1. dálki 1. hluta þessa viðauka eru háð því þröskuldsmagni sem sett er fram í 2. og 3. dálki 1. hluta.

Þegar hættulegt efni fellur undir 1. hluta þessa viðauka og er einnig tilgreint í 2. hluta gildir þröskuldsmagnið sem sett er fram í 2. og 3. dálki 2. hluta.

**1. hluti**

*Flokkar hættulegra efna.*

Þessi hluti nær til allra hættulegra efna sem falla undir hættuundirflokkana í 1. dálki:

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuundirflokkar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008	Pröskuldsmagn (tonn) hættulegra efna eins og um getur í 10. mgr. 3. gr. að því er varðar	
	Lægri mörk	Hærri mörk
<b>H-þáttur – HEILBRIGÐISHÆTTA</b>		
H1 BRÁÐ EITURHRIF 1. undirflokkur, allar váhrifaleiðir	5	20
H2 BRÁÐ EITURHRIF — 2. undirflokkur, allar váhrifaleiðir — 3. undirflokkur, váhrif við innöndun (sjá 7. athugasemd)	50	200
H3 SEM, SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – VÁHRIF Í EITT SKIPTI SEM-VES, 1. undirflokkur	50	200
<b>P-þáttur – EÐLISRÆN HÆTTA</b>		
P1a SPRENGIFIM EFNI (sjá 8. athugasemd) — Óstöðug, sprengifim efni eða — Sprengifim efni, deiliflokkar 1.1, 1.2, 1.3, 1.5 eða 1.6, eða — Efni eða blöndur sem eru sprengifim samkvæmt aðferð A.14 í reglugerð (EB) nr. 440/2008 (sjá 9. athugasemd) og falla ekki undir hættuflokkana lífræn peroxíð eða sjálfhvarfgjörn efni og blöndur	10	50
P1b SPRENGIFIM EFNI (sjá 8. athugasemd) Sprengifim efni, deiliflokkur 1.4 (sjá 10. athugasemd)	50	200
P2 ELDFIMAR LOFTTEGUNDIR Eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki	10	50
P3a ÚÐABRÚSAR MEÐ ELDFIMUM EFNUM (sjá athugasemd 11.1) „Úðabrúsar með eldfimum efnum“, 1. eða 2. undirflokkur, sem innihalda eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki eða eldfima vökva í 1. undirflokki	150 ( <i>nettó</i> )	500 ( <i>nettó</i> )
P3b ÚÐABRÚSAR MEÐ ELDFIMUM EFNUM (sjá athugasemd 11.1) „Úðabrúsar með eldfimum efnum“, 1. eða 2. undirflokkur, sem	5.000 ( <i>nettó</i> )	50.000 ( <i>nettó</i> )

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuundirflokkar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008	Þröskulds­magn (tonn) hættulegra efna eins og um getur í 10. mgr. 3. gr. að því er varðar	
	Lægri mörk	Hærri mörk
innihalda hvorki eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki né eldfima vökva í 1. undirflokki (sjá athugasemd 11.2)		
P4 ELDMYNDANDI LOFTTEGUNDIR Eldmyndandi lofttegundir í 1. undirflokki	50	200
P5a ELDFIMIR VÖKVAR — Eldfimir vökvar, 1. undirflokkur, eða — Eldfimir vökvar, 2. eða 3. undirflokkur, sem haldið er við hitastig yfir suðumarki, eða — Aðrir vökvar með blossamark $\leq 60^{\circ}\text{C}$ sem haldið er við stofuhita yfir blossamarki (sjá 12. athugasemd)	10	50
P5b ELDFIMIR VÖKVAR — Eldfimir vökvar, 2. eða 3. undirflokkur, þar sem tiltekna vinnslu­aðstæður, s.s. hár þrýstingur eða hátt hitastig, kunna að skapa stórslysa­hættu eða — Aðrir vökvar með blossamark $\leq 60^{\circ}\text{C}$ þar sem tiltekna vinnslu­aðstæður, s.s. hár þrýstingur eða hátt hitastig, kunna að skapa stórslysa­hættu (sjá 12. athugasemd)	50	200
P5c ELDFIMIR VÖKVAR Eldfimir vökvar í 2. eða 3. undirflokki sem ekki falla undir P5a eða P5b	5.000	50.000
P6a SJÁLFHVARFGJÖRN EFNI OG BLÖNDUR og LÍFRÆN PEROXÍÐ Sjálfhvarfgjörn efni og blöndur af gerð A eða B eða lífræn peroxíð af gerð A eða B	10	50
P6b SJÁLFHVARFGJÖRN EFNI OG BLÖNDUR og LÍFRÆN PEROXÍÐ Sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur af gerð C, D, E eða F eða lífræn peroxíð af gerð C, D, E eða F	50	200
P7 LOFTKVEIKJANDI VÖKVAR OG FÖST EFNI Loftkveikjandi vökvar í 1. undirflokki Loftkveikjandi föst efni í 1. undirflokki	50	200
P7 ELDMYNDANDI VÖKVAR OG FÖST EFNI Eldmyndandi vökvar í 1., 2. eða 3. undirflokki eða Eldmyndandi föst efni í 1., 2. eða 3. undirflokki	50	200
E-þáttur – UMHVERFISHÆTTA		
E1 Hættulegt fyrir vatnsumhverfi í 1. undirflokki, bráð eiturhrif eða í 1. undirflokki, langvinn eiturhrif	100	200
E2 Hættulegt fyrir vatnsumhverfi í 2. undirflokki, langvinn eiturhrif	200	500

1. dálkur	2. dálkur	3. dálkur
Hættuundirflokkar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008	Þröskulds­magn (tonn) hættulegra efna eins og um getur í 10. mgr. 3. gr. að því er varðar	
	Lægri mörk	Hærri mörk
O-þáttur – ÖNNUR HÆTTA		
O1 Efni eða blöndur með hættusetninguna ESB-H014	100	500
O2 Efni og blöndur sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn, 1. undirflokkur	100	500
O3 Efni eða blöndur með hættusetninguna ESB-H029	50	200

## 2. hluti

### Tilgreind hættuleg efni.

1. dálkur	CAS- númer <sup>(1)</sup>	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni		Þröskulds­magn (tonn) að því er varðar	
		Lægri mörk	Hærri mörk
1. Ammóníumnítrat (sjá 13. athugasemd)	—	5.000	10.000
2. Ammóníumnítrat (sjá 14. athugasemd)	—	1.250	5.000
3. Ammóníumnítrat (sjá 15. athugasemd)	—	350	2.500
4. Ammóníumnítrat (sjá 16. athugasemd)	—	10	50
5. Kalíumnítrat (sjá 17. athugasemd)	—	5.000	10.000
6. Kalíumnítrat (sjá 18. athugasemd)	—	1.250	5.000
7. Arsenpentoxíð, arsen(V)sýra og/eða sölt	1303-28-2	1	2
8. Arsenþríoxíð, arsen(II)sýra og/eða sölt	1327-53-3		0,1
9. Bróm	7726-95-6	20	100
10. Klór	7782-50-5	10	25
11. Nikkelefnasambönd í duftformi sem hægt er að anda að sér: nikkelmónoxíð, nikkeldíoxíð, nikkelsúlfíð, trínikkeldísúlfíð, dínikkeltríoxíð	—		1
12. Etýlenímín	151-56-4	10	20
13. Flúor	7782-41-4	10	20
14. Formaldehýð (styrkur ≥ 90%)	50-00-0	5	50
15. Vetni	1333-74-0	5	50
16. Vetnisklóríð (fljótandi gas)	7647-01-0	25	250
17. Blýalkýl	—	5	50
18. Fljótandi eldfimar lofttegundir í 1. eða 2. undirflokki (þ.m.t. fljótandi jarðolíugas) og jarðgas (sjá 19. athugasemd)	—	50	200

1. dálkur	CAS-númer <sup>(1)</sup>	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni		Þröskulds magn (tonn) að því er varðar	
		Lægri mörk	Hærri mörk
19. Asetýlen	74-86-2	5	50
20. Etýlenoxíð	75-21-8	5	50
21. Própýlenoxíð	75-56-9	5	50
22. Metanól	67-56-1	500	5.000
23. 4, 4'-metýlenbis(2-klóranylín) og/eða sölt, í duftformi	101-14-4		0,01
24. Metýlísósýanat	624-83-9		0,15
25. Súrefni	7782-44-7	200	2.000
26. 2,4-tólúendíísósýanat 2,6-tólúendíísósýanat	584-84-9 91-08-7	10	100
27. Karbónýldíklóríð (fosgen)	75-44-5	0,3	0,75
28. Arsín (arsentríhýdrít)	7784-42-1	0,2	1
29. Fosfin (fosfórtíhýdrít)	7803-51-2	0,2	1
30. Brennisteinsdíklóríð	10545-99-0		1
31. Brennisteinsþríoxíð	7446-11-9	15	75
32. Pólýklórdíbensófúrön og pólýklóródíbensódíoxín (þ.m.t. tetraklórdíbensó-p-díoxín (TCDD), reiknað í TCDD-ígildi (sjá 20. athugasemd)	—		0,001
33. Eftirfarandi KRABBAMEINSVALDAR eða blöndur sem innihalda eftirfarandi krabbameinsvaldandi efni í styrk sem er yfir 5% miðað við þyngd: 4-amínóbífenýl og/eða sölt þess, bensótríklóríð, bensidín og/eða sölt þess, bis-(klórmetýl)etri, klórmetýlmetýletri, 1,2-díbrómetan, díetýlsúlfat, dímetýlsúlfat, dímetýlkarbamóýlklóríð, 1,2-díbróm-3-klórprópan, 1,2-dímetýlhýdrasín, dímetýlnítrósamín, hexametýlfosfórtíamíð, hýdrasín, 2-naptýlamín og/eða sölt þess, 4-nítródífenýl og 1,3-própansúltón	—	0,5	2
34. Jarðolíuafurðir og annars konar eldsneyti a) bensín og nafta, b) steinólía (þ.m.t. þotueldsneyti), c) gasolía (þ.m.t. díseldsneyti, gasolía til upphitunar fyrir heimili og blöndunarþættir í gasolíu) d) svartolía e) annars konar eldsneyti sem hefur sama tilgang og með svipaða eiginleika að því er varðar eldfimi og umhverfishættu og efnin sem um getur í a- til d-lið	—	2.500	25.000

1. dálkur	CAS-númer <sup>(1)</sup>	2. dálkur	3. dálkur
Hættuleg efni		Þröskulds magn (tonn) að því er varðar	
		Lægri mörk	Hærri mörk
35. Vatnsfrítt ammoníak	7664-41-7	50	200
36. Bórtríflúoríð	7637-07-2	5	20
37. Vetrissúlfíð	7783-06-4	5	20
38. Píperídín	110-89-4	50	200
39. Bis(2-dímetýlamínóetýl)(metýl)amín	3030-47-5	50	200
40. 3-(2-etýlhexýloxý)própýlamín	5397-31-9	50	200
41. Blöndur <sup>(*)</sup> með natríumhýpóklóríti sem eru flokkaðar í 1. undirflokk, bráð eiturrhif á vatnsumhverfi [H400], sem innihalda minna en 5% af virkum klór og eru ekki flokkaðar undir neinn annan hættuundirflokk í 1. hluta I. viðauka		200	500
<sup>(*)</sup> Að því tilskildu að þegar natríumhýpóklórít er ekki fyrir hendi myndi blandan ekki flokkast í 1. undirflokk, bráð eiturrhif á vatnsumhverfi [H400]			
42. Propýlamín (sjá 21. athugasemd)	107-10-8	500	2.000
43. Tert-bútýlakrýlat (sjá 21. athugasemd)	1663-39-4	200	500
44. 2-metýl-3-bútennitríl (sjá 21. athugasemd)	16529-56-9	500	2.000
45. Tetrahýdró-3,5-dímetýl-1,3,5,-þíadíasín-2-þíón (dasómet) (sjá 21. athugasemd)	533-74-4	100	200
46. Metýlakrýlat (sjá 21. athugasemd)	96-33-3	500	2.000
47. 3-metýlpýridín (sjá 21. athugasemd)	108-99-6	500	2.000
48. 1-brómó-3-klórprópan (sjá 21. athugasemd)	109-70-6	500	2.000

<sup>(1)</sup> CAS-númerið er aðeins sýnt til upplýsingar.

#### ATHUGASEMDIR VIÐ I. VIÐAUKA

- Efni og efnablöndur eru flokkuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- Farið skal með blöndur á sama hátt og óblönduð efni að því tilskildu að þær haldist innan styrkleikamarkanna sem ákveðin eru í samræmi við eiginleika þeirra samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eða nýjustu breytingu á henni til aðlögunar að tækniframförum, nema prósentu-hlutfall eða önnur lýsing sé sérstaklega gefin upp.
- Þröskulds magnið, sem tilgreint er hér að ofan, á við hverja starfsstöð um sig. Magnið, sem miðað skal við vegna beitingar viðeigandi greina reglugerðarinnar, er það hámarks magn sem er að finna eða talið er líklegt að verði að finna á einhverjum tíma. Ef magn hættulegs efnis í tiltekinni starfsstöð nemur ekki meira en 2% af viðeigandi þröskulds magni, þá skal líta fram hjá því við útreikning á heildarmagninu sem er að finna, enda sé staðsetning efnisins innan starfsstöðvarinnar með þeim hætti að það geti ekki leitt til stórslyss annars staðar í starfsstöðinni.



4. Eftirfarandi reglur sem lúta að því að hættulegum efnum eða flokkum hættulegra efna er bætt við skulu gilda þar sem það á við:

Ef um er að ræða starfsstöð þar sem ekkert eitt hættulegt efni er fyrir hendi í magni sem er yfir eða jafnt þröskulds magninu skal beita eftirfarandi reglu til þess að ákvarða hvort starfsstöðin falli undir viðkomandi kröfur í þessari reglugerð.

Þessi reglugerð gildir um starfsstöðvar í hærri mörkum ef summan:

$$q_1/Q_{U1} + q_2/Q_{U2} + q_3/Q_{U3} + q_4/Q_{U4} + q_5/Q_{U5} + \dots \text{ er hærri eða jöfn } 1,$$

þar sem  $q_x$  = magn hættulega efnisins  $x$  (eða flokks hættulegra efna) sem heyra undir 1. eða 2. hluta þessa viðauka,

og  $Q_{UX}$  = viðkomandi þröskulds magn hættulega efnisins eða flokks  $x$  í 3. dálki 1. hluta eða 3. dálki 2. hluta þessa viðauka.

Þessi reglugerð gildir um starfsstöðvar í lægri mörkum ef summan:

$$q_1/Q_{L1} + q_2/Q_{L2} + q_3/Q_{L3} + q_4/Q_{L4} + q_5/Q_{L5} + \dots \text{ er hærri eða jöfn } 1,$$

þar sem  $q_x$  = magn hættulega efnisins  $x$  (eða flokks hættulegra efna) sem heyra undir 1. eða 2. hluta þessa viðauka,

og  $Q_{LX}$  = viðkomandi þröskulds magn hættulega efnisins eða flokks  $x$  í 2. dálki 1. hluta eða í 2. dálki 2. hluta þessa viðauka.

Nota skal þessa reglu til að meta heilbrigðishættu, eðlisræna hættu og umhverfishættu. Því er nauðsynlegt að beita henni þrisvar sinnum:

- þegar bætt er við hættulegum efnum, sem talin eru upp í 2. hluta og falla undir 1., 2. eða 3. undirflokk (íkomuleið við innöndun), bráð eiturhrif, eða 1. undirflokk, SEM-VES, ásamt hættulegum efnum sem falla undir H-þátt, færslur H1 til H3 í 1. hluta,
- þegar bætt er við hættulegum efnum, sem talin eru upp í 2. hluta, sem eru sprengifim efni, eldfimar lofttegundir, úðabrúsar með eldfimum efnum, eldmyndandi lofttegundir, eldfimir vökvar, sjálfhvarfgjörn efni og blöndur, lífræn peroxíð, loftkveikjandi vökvar og föst efni, eldmyndandi vökvar og föst efni, ásamt hættulegum efnum sem falla undir P-þátt, færslur P1 til P8 í 1. hluta,
- þegar bætt er við hættulegum efnum, sem talin eru upp í 2. hluta og falla undir 1. undirflokk, hættuleg fyrir vatnsumhverfi, bráð eiturhrif, eða 2. undirflokk, langvinn eiturhrif, ásamt hættulegum efnum sem falla undir E-þátt, færslur E1 og E2 í 1. hluta.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda eftir því sem við á ef einhver summanna sem fæst úr a-, b- eða c-lið er hærri en eða jöfn 1.

- Ef um er að ræða hættuleg efni sem ekki falla undir reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þar með talinn úrgangur, en sem eru samt fyrir hendi, eða eru líkleg til að vera fyrir hendi, í starfsstöð og sem hafa eða eru líkleg til að hafa, við þær aðstæður sem eru í starfsstöðinni, jafngilda eiginleika að því er varðar möguleika á stórslysi, skulu þessi efni flokkuð til bráðabirgða í þann flokk sem er hliðstæðastur eða með hliðstæðustu, tilgreindum hættulegum efnum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- Þegar um er að ræða hættuleg efni, sem flokka má á mismunandi vegu vegna eiginleika þeirra, skal minnsta þröskulds magn gilda að því er tekur til þessarar reglugerðar. Hins vegar, að því er varðar beitingu reglunnar í 4. athugasemd, skal nota minnsta þröskulds magn fyrir hvern hóp undirflokka í a-, b- og c-lið 4. athugasemdar sem svarar til viðkomandi flokkunar.
- Hættuleg efni sem falla undir 3. undirflokk, bráð eiturhrif, íkomuleið um munn (H 301), skulu falla undir færsluna H2 BRÁÐ EITURHRIF í þeim tilvikum þar sem hvorki er hægt að leiða út flokkun undir bráð eiturhrif við innöndun né bráð eiturhrif á húð, t.d. vegna þess að ekki eru fyrirbyggjandi ótvíræðar upplýsingar um eiturhrif við innöndun eða á húð.
- Hættuflokkurinn sprengifim efni felur í sér sprengifima hluti (sjá lið 2.1 í I. viðauka við

reglugerð (EB) nr. 1272/2008). Ef magn sprengifima efnisins eða blöndunnar í hlutnum er þekkt skal taka mið af því magni að því er varðar þessa reglugerð. Ef magn sprengifima efnisins eða blöndunnar í hlutnum er ekki þekkt skal farið með allan hlutinn sem sprengifimt efni að því er varðar þessa reglugerð.

9. Prófun á sprengifimum eiginleikum efna og blandna er nauðsynleg aðeins ef í ljós kemur við kembirannsókn skv. 6. viðbæti í 3. hluta tilmæla Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farni, Handbók um prófanir og viðmiðanir (e. *UN Manual of Tests and Criteria*)<sup>(1)</sup> að efnið eða blandan hafi mögulega sprengifima eiginleika.
10. Ef sprengifim efni í deiliflokki 1.4 eru ekki í umbúðum, eða þeim er endurpakkað í aðrar umbúðir, skulu þau færð undir færslu P1a, nema að sýnt sé fram á að hættan svári enn til deiliflokks 1.4, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 11.1. Úðabrúsar með eldfimum efnum eru flokkaðir í samræmi við tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa<sup>(2)</sup> (tilskipun um úðabrúsa). „Afar eldfimt“ og „eldfimt“ úðæfni í tilskipun 75/324/EBE samsvarar annars vegar 1. undirflokk, úðabrúsar með eldfimum efnum og hins vegar 2. undirflokk, úðabrúsar með eldfimum efnum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 11.2. Til að hægt sé að nota þessa færslu þarf að vera skjalfest að úðabrusinn innihaldi hvorki eldfima lofttegund í 1. eða 2. undirflokk né eldfiman vökva í 1. undirflokk.
12. Samkvæmt málsgrein 2.6.4.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 þarf ekki að flokka vökva með blossamark yfir 35°C í 3. undirflokk ef neikvæðar niðurstöður fást úr prófun L.2 á bruna sem er haldið við, sjá 32. lið í III. hluta Handbókar SP um prófanir og viðmið. Þetta gildir hins vegar ekki við aðstæður eins og þar sem hitastig eða loftþrýstingur er aukinn og því eru slíkir vökvar taldir með í þessari færslu.
13. Ammóníumnítrat (5.000/10.000): áburður sem getur sundrast af sjálfu sér.  
Þetta gildir um fjölgildan/einkorna áburð með ammóníumnítrati (fjölgildur/eingildur áburður inniheldur ammóníumnítrat og fosfat og/eða pottösku) sem getur sundrast af sjálfu sér samkvæmt trogprófun SP (sjá Handbók SP um prófanir og viðmiðanir, III. hluta, kafla 38.2), og þar sem köfnunarefnisinnihald sem rekja má til ammóníumnítrats er
  - frá 15,75%<sup>(3)</sup> til 24,5%<sup>(4)</sup> miðað við þyngd, og annaðhvort með minna en 0,4% af samanlögðu brennanlegu/lífrænu efni eða sem uppfyllir kröfur skv. 2. þætti III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð<sup>(5)</sup>,
  - 15,75% miðað við þyngd eða minna og ótakmarkað magn brennanlegs efnis.
14. Ammóníumnítrat (1.250/5.000): áburðargæðaflokkur  
Þetta gildir um eingildan áburð með ammóníumnítrati og um fjölgildan/einkorna áburð sem inniheldur ammóníumnítrat sem uppfyllir kröfur skv. 2. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 og þar sem köfnunarefnisinnihaldið, sem rekja má til ammóníumnítrats, er
  - meira en 24,5% miðað við þyngd, að undanskildum eingildum blöndum ammóníumnítrats-áburðar og dólómíts, kalksteins og/eða kalsíumkarbónats með hreinleika sem er a.m.k. 90%,
  - meira en 15,75% miðað við þyngd að því er varðar blöndur ammóníumnítrats og ammóníumsúlfats,

<sup>(1)</sup> Nánari leiðbeiningar um niðurfellingu prófunarinnar er að finna í aðferðarlýsingu A.14, sjá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtið. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

<sup>(3)</sup> Niturinnihald, sem er 15,75% miðað við þyngd og rekja má til ammóníumnítrats, svarar til 45% ammóníumnítrats.

<sup>(4)</sup> Niturinnihald, sem er 24,5% miðað við þyngd og rekja má til ammóníumnítrats, svarar til 70% ammóníumnítrats.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

- meira en 28%<sup>(6)</sup> miðað við þyngd, fyrir eingildar blöndur ammóníumnítratsáburðar og dólómíts, kalksteins og/eða kalsíumkarbónats með hreinleika sem er a.m.k. 90%.

15. Ammóníumnítrat (350/2.500): tæknigæðaflokkur

Þetta gildir um ammóníumnítrat og blöndur ammóníumnítrats þar sem köfnunarefnisinnihaldið, sem rekja má til ammóníumnítratsins, er

- frá 24,5% til 28% miðað við þyngd og brennanleg efni eru ekki yfir 0,4%,
- meira en 28% miðað við þyngd og brennanleg efni eru ekki yfir 0,2%.

Þetta gildir einnig um vatnskenndar ammóníumnítratlausnir þar sem styrkur ammóníumnítrats er ekki meiri en 80% miðað við þyngd.

16. Ammóníumnítrat (10/50): efni sem stenst ekki gæðakröfur og áburður sem stenst ekki sprengi-prófun

Þetta gildir um:

- efni, sem er hafnað í framleiðsluferlinu, og um ammóníumnítrat og blöndur með því, eingildan áburð, sem er að stofni til úr ammóníumnítrati, fjölgildan/einkorna áburð með ammóníumnítrati, sem um getur í 14. og 15. athugasemd og endanlegur notandi skilar eða hefur skilað til framleiðanda, á bráðabirgðageymslustað eða endurvinnslustöð til að vinna að nýju, til endurvinnslu eða meðhöndlunar til öruggrar notkunar, þar eð þau eru ekki lengur í samræmi við forskriftirnar í 14. og 15. athugasemd,
- áburð sem um getur í fyrsta undirlið 13. athugasemdar og 14. athugasemd við þennan viðauka sem uppfyllir ekki kröfur skv. 2. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003.

17. Kalíumnítrat (5.000/10.000)

Þetta gildir um eingildan áburð að stofni til úr kalíumnítrati (smákorna eða kornaðan) sem hefur sömu hættulegu eiginleika og hreint kalíumnítrat.

18. Kalíumnítrat (1.250/5.000)

Þetta gildir um eingildan áburð að stofni til úr kalíumnítrati (kristallaðan) sem hefur sömu hættulegu eiginleika og hreint kalíumnítrat.

19. Stigbætt lífgas

Að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar má flokka stigbætt lífgas undir 18. færslu í 2. hluta I. viðauka þegar það hefur verið unnið í samræmi við gildandi staðla fyrir hreinsað og stigbætt lífgas sem tryggja gæði samsvarandi jarðgass, þ.m.t. metaninnihald, og sem inniheldur að hámarki 1% súrefni.

20. Pólýklórdíbensófúrön og pólýklórdíbensódíoxín

Magn pólýklórdíbensófúröna og pólýklórdíbensódíoxína er reiknað samkvæmt eftirtöldum þáttum:

Eiturjafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 2005			
2,3,7,8-TCDD	1	2,3,7,8-TCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDD	1	2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
		1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1		
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1

<sup>(6)</sup> niturinnihald, sem er 28% miðað við þyngd og rekja má til ammóníumnítrats, svarar til 80% ammóníumnítrats.

1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
		1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
OCDD	0,0003	1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
		1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
		OCDF	0,0003

(T = tetra, P = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta)

Tilvísun — Van den Berg et al: The 2005 World Health Organisation Re-evaluation of Human and Mammalian Toxic Equivalency Factors for Dioxins and Dioxin-like Compounds

21. Í þeim tilvikum þar sem þetta hættulega efni fellur undir undirflokk P5a, eldfimir vökvar, eða P5b, eldfimir vökvar, skal minnsta þröskuldmagn gilda að því er varðar þessa reglugerð.

## II. VIÐAUKI

### Lágmarksgögn og upplýsingar sem taka skal mið af í öryggisskýrslunni skv. 12. gr.

1. Upplýsingar um stjórnunarkerfi og skipulag starfsstöðvarinnar vegna stórslysavarna. Þessar upplýsingar skulu taka til atriðanna sem vísað er til í III. viðauka.
2. Lýsing á umhverfi starfsstöðvarinnar:
  - a. lýsing á starfsstöðinni og umhverfi hennar, þar á meðal landfræðilegri legu, með upplýsingum um veðurfar, staðhætti, vatnamælingar, svo og sögu staðarins ef þess gerist þörf,
  - b. lýsing á stöðvum í starfsstöðinni og annarri starfsemi sem stórslysahætta gæti stafað af,
  - c. á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga: upplýsingar um nærliggjandi starfsstöðvar og stöðvar sem reglugerð þessi gildir ekki um, svæði og framkvæmdir sem gætu valdið hættu á stórslysi, aukið hættuna eða aukið afleiðingar stórslyss ásamt keðjuverkun,
  - d. lýsing á svæðum þar sem stórslys gæti orðið.
3. Lýsing á starfsstöðinni:
  - a. lýsing á helstu starfsemi og framleiðsluvörum þeirra hluta starfsstöðvarinnar sem eru mikilvægir með hliðsjón af öryggismálum, sömuleiðis lýsing á stórslysavöldum og aðstæðum sem stórslys gæti orðið við, ásamt lýsingu á fyrirhuguðum forvörnum,
  - b. lýsing á ferlum, einkum starfsaðferðum, þar sem er eftir atvikum tekið tillit til fyrirliggjandi upplýsinga um bestu starfsvenjur.
  - c. lýsing á hættulegum efnum:
    - i. skrá yfir hættuleg efni ásamt:
      - auðkenningu hættulegra efna: efnaheiti, CAS-númer, heiti samkvæmt IUPAC-flokkunarkerfinu
      - því hámarks magni hættulegra efna sem er að finna eða gæti verið að finna á staðnum,
    - ii. eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegir eiginleikar ásamt ábendingum um hættur fyrir heilbrigði manna og umhverfis, bæði núverandi og þær sem síðar gætu komið til,
    - iii. eðlis- og efnafræðileg hegðun við venjulegar notkunaraðstæður og við fyrirsjáanlegar slysaðstæður.

4. Skilgreining og greining á slyshættu ásamt forvörnum:
- nákvæm lýsing á hugsanlegum sviðsmyndum á stórslysi og líkum á þeim eða þeim aðstæðum sem þau verða við, þar á meðal yfirlit um atvik sem geta orðið til þess að valda stórslysi, hvort sem orsakirnar er að finna í stöðvunum sjálfum eða utan þeirra, einkum:
    - orsakir tengdar starfrækslu;
    - ytri orsakir, svo sem í tengslum við keðjuverkun, stöðvar sem reglugerð þessi gildir ekki um, svæði og framkvæmdir sem gætu valdið hættu á stórslysi, aukið hættur eða aukið afleiðingar stórslyss;
    - náttúrulegar orsakir, t.d. jarðskjálftar eða flóð;
  - mat á því hversu víðtækar og alvarlegar afleiðingar skilgreindra stórslysa gætu verið, þ.m.t. kort, myndir eða, eftir því sem við á, jafngildar lýsingar sem sýna svæði sem eru líkleg til að verða fyrir áhrifum við slík slys sem rekja má til starfsstöðvarinnar,
  - endurskoðun fyrri slysa og atvika þar sem sömu efni og ferli koma við sögu, umfjöllun um lærdóm sem af þeim má draga og skýr vísun í sértækar ráðstafanir sem gerðar voru til að fyrirbyggja slík slys,
  - lýsing á tæknilegum færribreytum og á búnaði sem er notaður til að tryggja öryggi í stöðvunum.
5. Varnir og viðbúnaður til að draga úr afleiðingum stórslyss:
- lýsing á búnaði í starfsstöðinni til að takmarka afleiðingar stórslysa á heilbrigði manna og umhverfi, m.a. greiningar- og varnarkerfi, tæknibúnaði til að takmarka umfang losunar fyrir slysi, þ.m.t. vatnsúða, gufuskerfum, safnkerjum eða söfnunarílátum fyrir neyðartilvik, afsláttarlokum, óvirkjandi kerfi, söfnun slökkvivatns,
  - skipulag viðvörunar og viðbúnaðar,
  - lýsing á tiltækum úrræðum í starfsstöðinni eða utan hennar,
  - lýsing á öllum viðkomandi ráðstöfunum, sem eru tæknilegs eðlis eða ekki, til að draga úr áhrifum stórslyss.

### III. VIÐAUKI

#### **Upplýsingar í 8. gr. og IV. kafla sem lúta að öryggisstjórnunarkerfi og skipulagi starfsstöðvarinnar vegna stórslysavarna.**

Í þeim tilgangi að innleiða öryggisstjórnunarkerfi rekstraraðilans skal taka eftirtalin atriði til greina:

- öryggisstjórnunarkerfið skal vera í hlutfalli við hættur, atvinnustarfsemina og skipulag starfsstöðvarinnar og byggjast á áhættumati; það skal einnig ná til þess hluta almenna stjórnunarkerfisins sem felur í sér skipulag starfsstöðvarinnar, ábyrgð, starfshætti, aðferðir, vinnsluferli og aðföng til að ákveða og innleiða áætlun um stórslysavarnir,
- með öryggisstjórnunarkerfinu skal tekið á eftirtöldum atriðum:
  - Skipulagi og starfsfólki: Hlutverk og ábyrgð starfsmanna sem kemur að stjórnun helstu áhættuþátta á öllum stigum skipulagsins ásamt ráðstöfunum sem eru gerðar til að auka vitund um þörf á stöðugum endurbótum. Greina skal þörf starfsmanna fyrir þjálfun og bjóða því slíka þjálfun. Samstarf skal haft við starfsmenn og undirverktaka sem vinna í starfsstöðinni til að tryggja öryggi.
  - Greiningu og mati á helstu áhættuþáttum: Taka skal upp og nota aðferðir við kerfisbundna greiningu á helstu áhættuþáttum sem stafa af eðlilegum jafnt sem óeðlilegum rekstri, þ.m.t. eftir atvikum starfsemi undirverktaka, svo og mat á líkum og alvarleika þessara áhættuþátta.
  - Rekstrarstjórn: Taka skal upp og nota aðferðir og leiðbeiningar um öruggan rekstur, þ.m.t. viðhald í verksmiðju, á vinnsluferlum og búnaði og við stjórnun í neyðarástandi og

tímabundna rekstrarstöðvun; þar sem tekið er tillit til fyrirbyggjandi upplýsinga um bestu starfsvenjur við eftirlit og stjórnun í því skyni að draga úr hættu á kerfisbilun; stjórnun og eftirlit með áhættu sem fylgir því að uppsettur búnaður í starfsstöð eldist og tærist; skrá yfir búnað starfsstöðvarinnar, áætlun og aðferð fyrir eftirlit og stjórnun ástands búnaðar í starfsstöðinni; viðeigandi aðferðir til eftirfylgni og nauðsynlegar gagn-ráðstafanir.

- IV. Breytingastjórnun: Taka skal upp og nota aðferðir við skipulag breytinga á stöðvum, vinnsluferlum eða geymsluaðstöðu, eða hönnun nýrra,
- V. Neyðaráætlun: Taka skal upp og nota aðferðir við að greina fyrirsjáanleg neyðartilvik með kerfisbundinni greiningu, og við að undirbúa, prófa og endurskoða neyðaráætlanir til að bregðast við slíkum neyðartilvikum og veita viðkomandi starfsmönnum sérhæfða þjálfun. Allir sem starfa í starfsstöðinni skulu hljóta slíka þjálfun, þ.m.t. starfsmenn í undirverktöku sem eiga hlut að máli.
- VI. Vöktun kerfisins: Taka skal upp og nota aðferðir við símat á því að unnið sé í samræmi við markmiðin í áætlun rekstraraðila um stórslysavarnir og í öryggisstjórnunarkerfinu sem og aðferðir við rannsókn og aðferðir til að gripið sé til úrbóta þegar svo er ekki. Aðferðirnar skulu ná til kerfisins sem rekstraraðili hefur komið upp til að tilkynna stórslys eða tilvik, þar sem legið hefur við stórslysi, einkum þegar verndarráðstafanir hafa brugðist, ásamt rannsókn á slíkum atvikum og eftirfylgni á grundvelli fenginnar reynslu. Aðferðirnar geta einnig falið í sér viðmið um árangur, svo sem árangursviðmið um öryggi og/eða önnur viðeigandi viðmið.
- VII. Úttekt og endurskoðun: Taka skal upp og nota aðferðir við reglubundið og kerfisbundið mat á áætlun um stórslysavarnir og skilvirkni og hagkvæmni öryggisstjórnunarkerfisins og að endurskoðun á árangri áætlunarinnar og öryggisstjórnunarkerfisins og uppfærsla þeirra af hálfu yfirstjórnar starfsstöðvarinnar sé skjalfest, þ.m.t. athuganir og innleiðing á nauðsynlegum breytingum sem bent er á í úttektinni og endurskoðuninni.

#### IV. VIÐAUKI

##### **Gögn og upplýsingar sem skulu koma fram í neyðaráætlun skv. 17. gr. og viðbragðsáætlun skv. 18. gr.**

1. Neyðaráætlun til nota í starfsstöðinni:
  - a. Nöfn eða stöður þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þess sem stjórna og samræmir aðgerðir til að draga úr tjóni á staðnum;
  - b. Nafn eða staða þess sem annast tengsl við aðgerðastjórn almannavarna;
  - c. Lýsing á því sem gera skal til að hafa stjórn á aðstæðum eða atvikum sem fyrirsjáanlega geta valdið stórslysi og hvernig draga skuli úr afleiðingum þeirra, þar á meðal lýsing á öryggisbúnaði og tiltækum úrræðum;
  - d. Ráðstafanir til að draga úr áhættu fyrir þá sem eru á staðnum, þar á meðal hvernig gefa á viðvörðun og hvað fólki er ætlað að gera þegar viðvörðun er gefin;
  - e. Ráðstafanir til að koma sem fyrst tilkynningu um slysið til viðeigandi aðila, svo sem lögreglu, sjúkraliðs, slökkviliðs, björgunarsveita, Vinnueftirlits ríkisins og Umhverfisstofnunar. Fram skulu koma upplýsingar sem fylgja skulu fyrstu viðvörðun og ráðstafanir til að koma ítarlegri upplýsingum á framfæri eftir því sem þær berast;
  - f. Ráðstafanir þar sem þess er þörf til að þjálfa starfsmenn í þeim störfum sem þeim er ætlað að sinna og eftir atvikum samræma þær ráðstafanir við neyðarþjónustu almannavarna og slökkviliðs;
  - g. Ráðstafanir til að veita aðstoð við að draga úr tjóni utan starfsstöðvarinnar.
2. Viðbragðsáætlun til að nota utan starfsstöðvar:
  - a. Nöfn eða stöður þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þeirra sem er heimilt að stjórna og samræma aðgerðir utan starfsstöðvarinnar;

- b. Ráðstafanir til að fá sem fyrst tilkynningu um slys ásamt aðferðum við viðvörun og útkall;
- c. Ráðstafanir til að samræma þau úrræði sem nauðsynleg eru til að framkvæma neyðaráætlun utan starfsstöðvarinnar;
- d. Ráðstafanir til að veita aðstoð við að draga úr tjóni í starfsstöðinni;
- e. Ráðstafanir til að draga úr tjóni utan starfsstöðvarinnar, þ.m.t. viðbrögð við sviðsmyndum stórslyss eins og lýst er í öryggisskýrslunni og að teknu tilliti til hugsanlegrar keðjuverkunar, þ.m.t. stórslys sem hafa áhrif á umhverfið;
- f. Ráðstafanir til að veita almenningi og öllum nærliggjandi starfsstöðvum eða stöðvum, sem reglugerð þessi gildir ekki um, í samræmi við 10. gr., sértækar upplýsingar að því er varðar slysið og hvernig bregðast skuli við því;
- g. Ráðstafanir til að dreifa upplýsingum til neyðarþjónustu annarra aðildarríkja þegar um er að ræða stórslys sem geta haft áhrif yfir landamæri.

## V. VIÐAUKI

### Upplýsingar aðgengilegar almenningi skv. VI. kafla.

#### 1. hluti.

Fyrir allar starfsstöðvar sem reglugerð þessi gildir um:

1. Nafn eða viðskiptaheiti rekstraraðila og fullt heimilisfang viðkomandi starfsstöðvar.
2. Staðfesting á því að starfsstöðin falli undir gildissvið þessarar reglugerðar og að tilkynningin, sbr. 5. gr., eða öryggisskýrslan, sbr. 12. gr., hafi verið send Vinnueftirliti ríkisins.
3. Skýring á þeirri starfsemi sem fram fer í starfsstöðinni sem er skiljanleg almenningi.
4. Almenn heiti efna, sem eru notuð í starfsstöðinni og gætu valdið stórslysi, ef um er að ræða hættuleg efni sem falla undir 1. hluta I. viðauka, eða almenn heiti eða hættuflokkun viðkomandi hættulegra efna, sem notuð eru í starfsstöðinni og gætu valdið stórslysi, ásamt upplýsingum um hættulegustu eiginleika þeirra sem eru skiljanlegar almenningi.
5. Almennar upplýsingar um hvernig þeim hluta almennings sem málið varðar verður gert viðvart, ef þörf er á, viðunandi upplýsingar um hvernig almenningur eigi að bera sig að komi til stórslyss eða upplýsingar um hvar unnt sé að nálgast þessar upplýsingar rafrænt,
6. Dagsetning síðustu eftirlitsheimsóknar Vinnueftirlits ríkisins eða upplýsingar um hvar unnt sé að nálgast þessar upplýsingar rafrænt, upplýsingar um hvar unnt sé að fara fram á ítarlegri upplýsingar um eftirlitsheimsóknina og eftirlitsáætlunina sem henni tengist,
7. Upplýsingar um hvar frekari upplýsingar er að fá, með fyrirvara um undanþáguákvæði laga, s.s. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál og upplýsingalaga nr. 140/2012.

#### 2. hluti.

Fyrir starfsstöðvar í hærri mörkum, sbr. 4. mgr. 3. gr. til viðbótar við þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. hluta þessa viðauka:

1. Almennar upplýsingar varðandi eðli stórslyshættunnar, þ.m.t. möguleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfi og nákvæmt yfirlit helstu sviðsmynda stórslysa og varnaráðstafana til að bregðast við þeim.
2. Staðfesting á því að rekstraraðila sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á staðnum, einkum að hafa samband við neyðarþjónustu, til þess að bregðast við stórslysum og draga sem mest úr afleiðingum þeirra.
3. Viðeigandi upplýsingar úr neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar til að bregðast við áhrifum slyssins þar, þar á meðal ráðleggingar um að hlíta skuli fyrirmælum eða óskum neyðarþjónustu ef slys verður.
4. Taka fram hvort starfsstöðin sé nálægt landamærum annars aðildarríkis, eftir því sem við á, þegar hætta er á að geti orðið stórslys sem haft getur áhrif yfir landamæri, sbr. samning Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um áhrif iðnaðarslysa yfir landamæri.

## VI. VIÐAUKI

**Viðmið vegna tilkynningar um stórslys til Eftirlitsstofnunar EFTA  
eins og kveðið er á um í 3. mgr. 30. gr.**

- I. Tilkynna ber Eftirlitsstofnun EFTA um öll stórslys sem getið er í 1. mgr. eða einhverjar þær afleiðingar sem lýst er í 2., 3., 4. og 5. mgr.
1. Hættuleg efni sem eiga í hlut:  
Hvers kyns eldsvoði eða sprenging eða losun hættulegs efnis af slysi þar sem við sögu koma að minnsta kosti 5% þröskulds magnsins sem tilgreint er í 3. dálki 1. hluta eða í 3. dálki 2. hluta I. viðauka.
  2. Meiðsl á fólki og fasteignatjón:
    - a) dauðsfall,
    - b) meiðsl sex manna í starfsstöðinni sem leiða til að minnsta kosti 24 stunda sjúkrahúsvistar þeirra,
    - c) sjúkrahúsvist eins manns utan starfsstöðvarinnar í að minnsta kosti 24 stundir,
    - d) tjón á íbúðarhúsnæði utan starfsstöðvarinnar sem gerir það ónothæft vegna slyssins,
    - e) brottflutningur eða innlokun fólks af völdum slyssins í meira en 2 stundir (einstaklingar × klukkustundir): ekki lægra gildi en 500,
    - f) truflanir á þjónustu vatnsveitu, rafveitu, gasveitu eða símafyrirtækja í meira en 2 stundir (einstaklingar × klukkustundir): ekki lægra gildi en 1.000.
  3. Bein umhverfisspjöll:
    - a) varanleg eða langvarandi spjöll á búsvæðum á landi:
      - i. að minnsta kosti 0,5 ha búsvæðis sem telst mikilvægt vegna umhverfissjónarmiða eða verndunarsjónarmiða og nýtur lögverndar,
      - ii. að minnsta kosti 10 ha víðáttumeira búsvæðis, þar á meðal landbúnaðarsvæðis,
    - b) veruleg eða langvarandi spjöll á búsvæðum í ferskvatni eða sjó:
      - i. að minnsta kosti 10 km af vatnsfalli eða skurði,
      - ii. að minnsta kosti 1 ha af stöðuvatni eða tjörn,
      - iii. að minnsta kosti 2 ha af óseyrum,
      - iv. að minnsta kosti 2 ha af strandlengju eða opnu hafi,
    - c) veruleg spjöll á veitum eða grunnvatni:  
1 ha eða meira.
  4. Eignatjón:
    - a) eignatjón í starfsstöðinni: að minnsta kosti 2 milljónir evra,
    - b) eignatjón utan starfsstöðvarinnar: að minnsta kosti 5 milljónir evra,
  5. Spjöll handan landamæra:  
Hvers kyns stórslys þar sem hættulegt efni kemur beint við sögu og hefur áhrif utan yfirráðasvæðis aðildarríkisins sem á í hlut.
- II. Tilkynna ber Eftirlitsstofnun EFTA um slys eða atvik þar sem legið hefur við slysi og aðildarríkin telja sérstaklega áhugaverð frá tæknilegu sjónarmiði vegna starfs sem miðar að því að afstýra stórslysum og draga úr afleiðingum þeirra en uppfylla ekki framantalin stærðarskilyrði.